

## Fundargerð hreppsnefndar 15. mars 2018

### Fundur

#### Fundur nr. 77 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 15. mars 2018 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Bárður Jónasson, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Magnús Þór Róbertsson, Sigríður Bragadóttir, Eyjólfur Sigurðsson og Einar Björn Kristbergsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson er ritaði fundargerð.

Bauð oddviti fundarmenn velkomna til fundar og þá einkum fulltrúa í ungmennaráði.

#### Dagskrá:

##### 1. Almenn mál:

a) Ungmennaráð Vopnafjarðarhrepps mætir á fundinn

Ungmennaráðsfulltrúar lýstu sjónarmiðum sínum á ýmsum málefnum sem þau varða og fór síðan fram samtal milli þeirra og sveitarstjórnar. Fram kom ósk um að ungmennaráð komi saman til fundar áður en vetur er úti og setji fram hugmyndir varðandi Vopnaskak sumarsins er varðar þátt ungmenna. Rætt um að kynna ungmennaráðið betur meðal íbúa sveitarfélagsins en nefndarmenn lýstu yfir ánægju sinni með vinnu ráðsins hingað til. Mætt f.h. ungmennaráðs: María Björt Guðnadóttir, Einar Gunnlaugsson, Árni Fjalar Óskarsson og Mikael Viðar Elmarsson.

b) Kosning fulltrúa á aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem haldinn verður 23. mars 2018

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að afgreiða málið.

c) Kosning fulltrúa á ársfund Austurbrúar sem haldinn verður 20. mars 2018.

Samhljóða samþykkt að fundinn sitji f.h. Vopnafjarðarhrepps Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri.

d) Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 200. mál.  
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að semja umsögn skv. umræðu á fundinum.

e) Póstnúmerakerfi í Vopnafirði.

Samhljóða samþykkt að þéttbýli Vopnafjarðar falli undir póstnúmerið 690 samkvæmt Aðalskipulagi sveitarfélagsins og að sveitarstjóri svari Íslandspósti skv. því.

f) Breytingar á deiliskipulagi hafnarsvæðis Vopnafjarðar.

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir málinu og greindi frá afgreiðslu hafnarnefndar á fundi 15.03.18 við framkomnum fyrirspurnum í bréfi Yrki ark. Sveitarstjórn er samhljóða sammála afgreiðslu hafnarnefndar og felur sveitarstjóra að koma því á framfæri.

g) Uppgjör á Vopnaskaki 2017

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir málinu en meðfylgjandi er sundurliðun úr aðalbók.

## 2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Guðmundi W. Stefánssyni

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að svara Guðmundi að viðhöfðu samráði við byggingarfulltrúa.

## 3. Fundargerðir:

a) Starfshóps um byggingu vallarhúss dags. 26. febrúar 2018

Málið tekið til umræðu en fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

b) Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 12. mars 2018

Fundargerðin samhljóða samþykkt en viðvíkjandi 1. lið í fundargerð er fulltrúa falið að kanna stöðu deiliskipulags og koma í lögformlegt ferli og 3. lið er vísað aftur til nefndarinnar til frekari vinnslu.

c) 7. fundar stjórnar SSA

Lagt fram til kynningar.

d) 401. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

e) Fundargerð lögfræðihóps um persónuvernd

Fram fór umræða um málefnið og mun sveitarstjóri ásamt fulltrúum sveitarfélagsins sækja námskeið er málið varðar. Annars lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:07.

[Fylgigögn fundar 150318.pdf](#)